

STOFNANASAMNINGUR

Stofnanasamningur þessi er gerður milli Ljósmeðrafélags Íslands (LMFÍ) og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) um forsendur röðunar starfa við stofnunina. Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi f.h. ríkissjóðs annars vegar og Ljósmeðrafélags Íslands hins vegar.

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra ljósmeðra sem starfa við HSN og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Ljósmeðrafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

2. Röðun starfa

- Við röðun starfa í launaflokka skal meta verkefni, skyldur og ábyrgð sem í starfinu felast auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal litið til skipurits HSN eða annars formlegs starfsskipulags við gerð sammingsins.
- Röðun starfa í launaflokka skal byggja á grunnröðun samkvæmt gildandi kjarasamningi Ljósmeðrafélags Íslands við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Röðun starfa í launaflokka skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.
- Með stofnanasamningi þessum er fylgiskjal I sem hefur að geyma röðun starfa í launaflokka. Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi deildum/starfsstöðvum hjá HSN er raðað.

3. Starfaflokkun og röðun sbr. Fylgiskjali I:

<u>Starfaflokkur</u>	<u>Launafl. á bili</u>
Ljós móðir 1 (0-6 mán.)	9:0
Ljós móðir 2	10:0
Yfirljós móðir mæðravernd HAK / ungbarnavernd HAK	13:0

Röðun starfa í launaflokka er lágmarksröðun.

4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarþætti

- Námskeið og fagráðstefnur 120 kennslustundir 1 þrep
- Diplómanám, 30 ECTS einingar 1 þrep
Diplómanám, 60 ECTS einingar 2 þrep
Meistarapróf, 120 ECTS einingar 4 þrep
- Doktorspróf 4 launaflokkar

Fyrstu 30 ECTS einingar í viðbótarnámi eru metnar til 1 þrepa hækkunar, eftir það eru hverjar 30 einingar metnar til 1 þrepa hækkunar.

- Hækkanir vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Sjá fylgiskjal 3.



- Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 5 þrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms vegna liðar a. og b.

d. **Starfsreynsla sem ljósmóðir**

- Ljósmóðir með 10 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Ljósmóðir með 15 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep
- Ljósmóðir með 20 ára starfsreynslu hækkar um 1 þrep

e. **Tímabundin verkefni**

Taki starfsmaður að sér verkefni að beiðni stofnunar skal það umbunað með einu til tveimur þrepum. Skilyrði er að starfið sé skilgreint í starfslýsingu eða erindisbréfi og staðfest af framkvæmdarstjóra hjúkrunar. Slík störf skulu hafa upphafs- og lokatíma, þó ekki lengri tíma en 12 mánuðir í senn.

Viðmið sérverkefna og aukaverkefna:

- Tímabundin aukin ábyrgð
- Innleiðing verkefna
- Þróun og nýsköpun
- Sérstakt álag og erfiðleikastig

f. **Fagstjóri**

Samræmir faglegt starf innan viðkomandi sérsviðs HSN. Er ráðgefandi varðandi breytingar og þróun innan fagsviðs. Er tengiliður við Þróunarstofu heilsugæslunnar. Fyrir störf fagstjóra er greiddur einn launaflokkur.

5. **Réttur til endurmats á röðun**

- Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna.
- Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

6. **Gildistaka**

Samningur þessi gildir frá og með 1. desember 2016.

Við gildistöku stofnanasamnings þessa falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar sem í gildi eru á milli Ljósmeðrafélags Íslands og fyrrum stofnana sem sameinaðar voru í HSN.

Akureyri 6. apríl 2017.

Jónhanna Þorvaldsson
Grunnlagið Félagsráðgjafi
Þorvaldur Jónsson

Asteyr Valsd.
Hulda Pétursdóttir
HRAFMANNDUR FÉLAGS

Bókanir með stofnanasamningi LMFÍ og HSN

Bókun 1

Við undirritun stofnanasamnings þessa skal yfirfara forsendur launaröðunar allra ljósmæðra á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands. Þessi endurskoðun skal aldrei leiða til launalækkunar fyrir einstaka starfsmenn. Stefnt skal að þessari vinnu verði lokið fyrir 1. júní 2017.



Fylgiskjal I - Starfaflokkun

Starfaflokkun ljósmæðra HSN

Ljósmóðir 1

Byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður. Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi innan stofnunar.

Ljósmóðir 2

Er fær í starfi, komin með þá hæfni og þekkingu á starfi stofnunar sem starfið krefst. Fær um og tekur þátt í að leiðbeina öðrum, samstarfsfólki, nemum og skjólstæðingum. Tekur þátt í skipulagi deildar/einingar og tekur þátt í þverfaglegu samstarfi innan stofnunar og utan.

Yfirljósmóðir deilda/sviða

Ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð. Ber ábyrgð á starfsmannahaldi deildar/sviðs og stjórnar breytingum og þróun innan sviðs t.d. innleiðingu verkefna, nýrra ferla og fleira í samstarfi við fagstjóra.



Fylgiskjal II

Vinnureglur varðandi mat á sí- og endurmenntun.

Starfsmenn geta óskað eftir endurskoðun launaröðunar vegna viðbótarnáms eða starfsreynslu og skal beiðni þar að lútandi skilað skriflega til næsta yfirmanns. Eftirfarandi reglur varðandi slíkt endurmat skulu hafðar til viðmiðunar:

Kafla 4.a

Námskeið og fagráðstefnur 120 kennslustundir¹ – starfsmaður sem hefur aflað sér endurmenntunar á námskeiðum og fagráðstefnum samtals 120 klst. hækkar um eitt þrep.

Kafla 4.b

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 30 ECTS einingum hækkar um eitt þrep. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Viðbótarmenntun / Diplómapróf – starfsmaður sem hefur aflað sér viðbótarmenntunar sem nemur 60 ECTS einingum hækkar um tvö þrep. Hækkunar vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar. Viðkomandi nám þarf að nýtast í viðkomandi starfi.

Meistarapróf – starfsmaður með annað meistarapróf til viðbótar við grunnkröfur starfs, hækkar sem nemur fjórum þrepum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Hækkunar vegna sérnáms (viðbótarnám/-menntun) samkvæmt þessum kafla ber að meta svo, að þrep sem áunnist hafa á fyrri stigum koma til frádráttar.

Doktorspróf – Starfsmaður með doktorspróf í sínu fagi hækki sem nemur fjórum flokkum ef viðkomandi viðbótarnám nýtist í starfi. Meistarapróf og viðbótarmenntun telst innifalið í doktorsprófi. Hækkun vegna meistaraprófs o.fl. kemur því ekki til viðbótar við þá hækkun vegna doktorsprófs er að framan greinir.

Framkvæmd / gögn

Þegar sótt er um mat á viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi gögn:

- Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- Ljósrít af skjali sem sannar þátttöku viðkomandi.
- Ef um er að ræða þátttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrirlestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega. Meta þarf hvað er skylda, hvað framhaldseiningar og hvað nýtist í starfinu.

1. Nám sem tekur eina viku eða minna skal aldrei metið til meira en tveggja ECTS eininga. Tólf kennslustundir skulu metnar til tveggja eininga ef nám er ekki samfellt, en þó aldrei fleiri en sem nemur tveimur einingum á viku og lágmarks kennslustundafjöldi sem metinn er eru 4 stundir.

Fylgiskjal III

Þann 14. ágúst 2015 kvað gerðardómur upp úrskurð í kjaradeilu 18 aðildarfélaganna BHM annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs hins vegar. Í 2. gr. úrskurðarorða gerðardóms um launahækkunar er kveðið á um hvernig laun skv. grein 1.1.1 í kjarasamningi skuli hækka á þeim framlengda gildistíma kjarasamnings sem gerðardómur ákvað. Þar kemur m.a. fram að þann 1. júní 2016 fari 1,65% „Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.“

Í 5. gr. úrskurðarins er að finna nánari útlistun á því með hvaða hætti meta skuli menntun í stofnanasamningum. Aðilar gerðardóms, þ.e. fjármála- og efnahagsráðuneytið annars vegar og BHM og aðildarfélög þess hins vegar, eru ekki sammála um túlkun á ákvæðum gerðardóms um mat á menntun.

Þann 29. apríl 2016 sendi fjármála- og efnahagsráðuneytið leiðbeiningar til stofnana um útfærslu menntunarákvæðis úrskurðar gerðardóms. BHM sendi ráðuneytinu, ráðherra og forstöðumönnum stofnana athugasemdir sínar þann 18. maí 2016 þar sem áréttað var að aðilar væru ósammála um túlkun þessa mikilvæga ákvæðis.

Óljóst er hvenær niðurstaða fæst í ágreining aðila og þá hver hún verður. Ekki er hægt að útiloka að það komi í hlut Félagsdóms að leysa úr þessum ágreiningi. Þar til slík niðurstaða fæst eða samkomulag næst með aðilum er ljóst að miða verður mat á menntun í stofnanasamningi þessum við leiðbeiningar fjármála- og efnahagsráðuneytisins frá 29. apríl 2016. Ljósmeðrafélag Íslands samþykkir stofnanasamning þennan með þeim fyrirvara að komi til þess að túlkun á ákvæðum gerðardóms verði síðar með öðrum hætti en skv. fyrrnefndum leiðbeiningum, eigi sér stað afturvirk leiðrétting í samræmi við þá túlkun.

